

From: Sigurbjörg Sæmundsdóttir <sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>

Sent: fimmtudagur, 14. maí 2020 13:32

To: Árný Sigurðardóttir <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>

Cc: Friðsemd Rósa Magnúsdóttir <rosa.magnusdottir@reykjavik.is>

Subject: UHM20050048 Ósk um umsögn vegna erindis frá Íslandshótelum um undanþágu frá hollustuháttareglugerð og starfsleyfi.

Meðfylgjandi erindi Íslandshótela þar sem óskað er eftir undanþágu frá reglugerð um hollustuhætti um að ekki megi hleypa hundum inn á gististaði í II., III. og IV. flokki

og undanþágu frá starfsleyfisskilyrðum fyrir gististaði er hér með sent heilbrigðisnefndinni til umsagnar.

Í erindinu er sótt um undanþágu fyrir sjö hótél víðsvegar um land og er óskað eftir að heilbrigðisnefndin veiti umsögn hvað varðar Grand hótél, Sigtúni 38 í Reykjavík.

Óskað er eftir að umsögn nefndarinnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 28. maí nk.

Með kveðju,

SSæm

Reykjavík 12. maí 2020

Umhverfis og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Efni: Tímabundin undanþága á starfsleyfiskilyrði fyrir gististaði, hótél.

Íslandshótel ehf. kt. 630169-2919 sækir um tímabundna undanþágu á starfsleyfiskilyrði fyrir gististaði, hótél (Samræmd starfsleyfiskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum), efnisatriði nr. 1.6 (Rg. 941 2002, 14 gr.), frá 20. maí - 30. september 2020 þar sem segir:

Hundum, köttum eða öðrum dýrum má ekki hleypa inn í húsrýmið, undanskyldir eru hjálparhundar fatlaðra.

Rökstuðningur: Í ljósi fordæmalausra aðstæðna í ferðaþjónustunni á Íslandi nú árið 2020 vegna covid-19 faraldursins óskar Íslandshótel eftir því að fá undanþágu frá ofangreindri reglugerð á sjö hótélum fyrirtækisins til þess að koma betur til móts við þá ferðamenn sem kjósa að ferðast um landið í sumar og gista á hótélum keðjunnar. Ljóst er að erlendir ferðamenn verða nær engir á Íslandi sumarið 2020 og Íslendingar muni sækja landið heim, sem yfirvöld hafa ákveðið að styrkja og hvetja til, m.a. með ferðaávvísun til einstaklinga. Hundaeign landsmanna hefur aukist undanfarin ár og teljum við að með því að bjóða gistingu þar sem hundar eru leyfðir þá náum við að koma til móts við og uppfylla þarfir hundaeigenda sem verður gert mögulegt að ferðast um landið með gæludýr sín án þess að fá eða kaupa sérstaka pössun fyrir þau. Herbergi fyrir hundaeigendur verða á jarðhæð, hægt verður að fara í öll herbergin án þess að koma nálægt veitingaaðstöðu og á sumum hótélunum er sérinngangur fyrir hundaeigendur.

Bókunarskilyrði fyrir hundaeigendur yrðu eftirfarandi:

- Taka skal fram við bókun að hundur fylgi, þar sem sérstökum herbergjum er úthlutað
- Hundar mega ekki vera á almenningssvæðum hótelsins
- Við inn- og útritun skal hundur bíða bundinn úti eða í bíl
- Hundar skulu vera í taumi á leið til/frá herbergi
- Hunda má aldrei skilja eftir eina á herbergi
- Hundar skulu vera í búri inn á herbergi
- Hundar skulu vera vel siðaðir og hávaðalausir
- Hámark 2 hundar í herbergi
- Við innritun er greitt 3.000 kr þjónustugjald fyrir herbergi á dag (hámark 15.000 kr. fyrir lengri dvöl)
- Gestir bera ábyrgð á hundinum og mögulegum skemmdum og/eða meiðslum á fólki sem hundurinn kann að valda
- Verði ónæði af hundinum áskilja Íslandshótel sér rétt til að vísa honum og eigendum á dyr

Óskað er eftir undanþágu frá reglugerðinni á eftirfarandi sjö hótélum:

1)
Grand hótél
Sigtún 38

105 Reykjavík
Hótelstjóri: Salvör Lilja Brandsóttir

Aðstæður á Grand hóteli: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum á fyrstu hæð í turni sem eru nr. 147, 149, 151 og 153. Komið er inn um aðalinngang inn til hægri við móttöku og gengið beint inn á gang og upp nokkrar tröppur.

2)
Fosshótel Reykholt
Reykholti
320 Borgarfjörður
Hótelstjóri: Arnþór Pálsson

Aðstæður á Fosshótel Reykholti: Hundar verða eingöngu leyfir í herbergjum nr. 115-120 sem eru á jarðhæð. Hægt að fara að þeim um inngang á horni sunnanmegin þannig að ekki þarf að nota aðalinngang hótelsins og fara í gegnum móttökuna.

3)
Fosshótel Stykkishólmur
Borgarbraut 8
340 Stykkishólmur
Hótelstjóri: Agnes Rut Árnadóttir

Aðstæður á Fosshótel Stykkishólmi: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum nr. 142, 144, 146, 148, 150 og 152 sem eru öll á jarðhæð í vesturluta byggingarinnar sem er með sérinngang og hægt að fara að herbergjum án þess að fara um móttökuna.

4)
Fosshótel Vestfirðir
Aðalstræti 100
340 Patreksfjörður
Hótelstjóri: Niall Charles

Aðstæður á Fosshótel Vestfjörðum: Hundar verða eingöngu leyfðir á jarðhæð í herbergjum nr. 107, 108, 109 og 110. Sér hliðarinngangur er að þessum herbergjum svo ekki þarf að fara um móttökuna.

5)
Fosshótel Húsavík
Ketilsbraut 22
640 Húsavík
Hótelstjóri: Erla Torfadóttir

Aðstæður á Fosshótel Húsavík: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum nr. 135-146 sem eru á jarðhæð. Sérinngangur frá bakhlið hótelsins er að þessum herbergjum svo ekki þarf að fara um móttökuna.

6)
Fosshótel Austfirðir
Hafnargötu 11-144
750 Fáskrúðsfjörður
Hótelstjóri: Freyja Snorradóttir

Aðstæður á Fosshótel Austfjörðum: Hóтелиð samanstendur af nokkrum húsum og verða hundar einungis leyfðir í svokölluðu Sjúkraskýli og Læknahúsi en herbergin þar eru nr. 3101, 3102, 3201, 3202, 1101, 1102, 1103, 1104, 1105. Sérinngangur er í þessi tvö hús en móttaka og veitingasalur eru í öðrum húsum.


7)

Fosshótel Jökulsárlón
Hnappavöllum
785 Óræfum
Hótelstjóri: Harpa Magnúsdóttir

Aðstæður á Fosshótel Jökulsárlóni: Hundar verða eingöngu leyfðir í svokölluðum kjallaraherbergjum sem vísa í suður til sjávar og eru einni hæð fyrir neðan jarðhæð þar sem móttakan er staðsett. Ganga þarf niður 10 tröppur að herbergjunum. Sér útgangur er frá herbergjagangi þar.

Með von um jákvæðar undirtektir og skjóta afgreiðslu.

Virðingarfyllst,



Davíð Torfi Ólafsson
Framkvæmdastjóri Íslandshotela

Nánari upplýsingar veitir undirritaður í síma 8628089 og david@islandshotel.is



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. maí 2020
Tilvísun: 2020050385

Efni: Svar við umsagnabeiðni Umhverfis og auðlindaráðuneytis dags 12. maí 2020 um umsókn Íslandshótel ehf. um tímabundna undanþágu á starfsleyfisskilyrðum fyrir gististaði, hótél.

Erindi Íslandshótel ehf. varðar beiðni um að takmarkaður fjöldi gesta fái að hafa með sér hunda þegar þeir dvelja á 7 hótélum þess víðs vegar um landið.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur er beðin um umsögn er varðar eitt af þessum hótélum, nánar tiltekið Grand Hótél að Sigtúni 38.

Með umsagnarbeiðninni fylgdi með erindi fyrirtækisins þar sem lýst er hvaða skilyrði hótelið mun setja hvað þetta varðar. Einnig kemur fram að hundar verða einungis leyfðir í fjórum herbergjum á fyrstu hæð í turni Grand Hótel.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir við erindið en bendir á eftirfarandi atriði sem það leggur til að hótelið þurfi að uppfylla verði undanþága veitt:

- Mikilvægt er að hótelið fylgi eftir skilyrðum sem tilgreind eru í erindinu
- Þrifaáætlun hótelsins þarf að taka mið af því að hundar séu leyfðir í hluta hótelsins og tryggt að framkvæmd þrifa séu í samræmi við hana.
- Í markaðssetningu hótelsins, sem og á heimasíðum þess komi fram að hundar séu leyfðir í takmörkuðum hluta hótelsins svo gestir geti tekið upplýsta ákvörðun áður en þeir panta gistingu.
- Aðrir gestir séu upplýstir um að það hundar séu leyfðir á hótelinu á sýnilegan hátt við innganga þess.
- Hótelið er ábyrgt gagnvart öðrum gestum valdi hundur skaða á þeim eða eigum þeirra.
- Tryggja þarf að ekki sé verið að fara með hunda um hótelið nema stystu leið á herbergi og þeir sé hafðir þar og að ekki sé verið að fara með þá annað um hótelið.

Þá bendir Heilbrigðiseftirlitið á að samkvæmt samþykkt um hundahald í Reykjavík. nr. 478/2012 er kveðið á um að ábyrgðarmaður hunds skuli hafi náð 18 ára aldri. Hann ber ábyrgð á hreinlæti í tengslum við hundinn og ber að hreinsa upp eftir hann sé þörf á því og að grípa til aðgerða sé þess þörf til að tryggja öryggi annara gesta eða hunds. Hundur má aldrei vera laus.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur



Óskar Í. Sigurðsson
REYKJAVÍKUR



Íslandshótel ehf.
Sigtúni 38
105 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 4. júní 2020
Tilv.: UMH20050048/8.13

Vísað er til bréfs Íslandshótela hf., kt. 630169-2919, dags. 12. maí 2020, þar sem sótt er um tímabundna undanþágu á starfsleyfisskilyrði, sbr. samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir gististaði, hótél, síðast uppfærð 18. ágúst 2017 af Umhverfisstofnun. Með tölvupósti 13. maí 2020 var áréttað að jafnframt væri óskað eftir undanþágu frá reglugerð um hollustuhætti. Sótt sé um undanþágu frá 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerðinni. Í fylgiskjali 3 er kveðið á um að óheimilt sé að hleypa hundum, köttum og öðrum gæludýrum inn á tiltekna staði þ. á m. gististaði í flokki II, III og IV samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Í erindinu kemur fram að sótt er um undanþágu fyrir sjö hótél víðs vegar um land. Sótt sé um undanþáguna í ljósi fordæmalausra aðstæðna í ferðaþjónustu á Íslandi í ár vegna Covid-19 faraldursins og til að koma betur til móts við þá ferðamenn sem kjósi að ferðast um landið í sumar og gista á hótélum keðjunnar með því að bjóða gistingu þar sem hundar verði leyfðir. Herbergi fyrir hunda verði á jarðhæð og hægt verði að fara inn í umrædd herbergi án þess að koma nálágt veitingaaðstöðu. Á Grand hóteli í Reykjavík verði hundar eingöngu leyfðir í herbergjum á fyrstu hæð í turni sem séu nr. 147, 149, 151 og 153. Komið sé inn um aðalinnangang til hægri við móttöku og gengið beint inn á gang upp nokkrar tröppur.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er ráðherra heimilt þegar sérstaklega stendur á og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar, að veita undanþágu frá einstökum greinum reglugerða settum samkvæmt lögnum. Samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi.

Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar þann 14. maí 2020 hvað varðar Grand hótél í Reykjavík til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur sama dag.

Í umsögn Umhverfisstofnunarinnar, dags. 28 maí 2020, kemur fram að sú þróun hafi átt sér stað undanfarin ár að gæludýrum hafi verið veitt aðgengi að því húsnæði sem fellur undir reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti í auknum mæli, t.d. veitingastöðum og almenningssamgöngum, að uppfylltum ákveðnum ströngum skilyrðum. Í ljósi þeirrar þróunar og með tilliti til þeirra skilyrði sem

Íslandshótel hf. setji fyrir því að leyfa aðgengi hunda að hótélunum fallist stofnunin á að umbeðin undanþága verði veitt að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, dags. 20. maí 2020, kemur fram að nefndin geri ekki athugasemdir við að undanþágan verði veitt að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Jafnframt minni nefndin á samþykkt nr. 478/2012 um hundahald í Reykjavík þar sem kveðið sé á um að ábyrgðarmaður hunds skuli hafa náð 18 ára aldri, hann beri ábyrgð á hreinlæti í tengslum við hundinn og beri að hreinsa upp eftir hann og grípa til aðgerða sé þess þörf til að tryggja öryggi annarra gesta eða hunds og að hundur megi aldrei vera laus.

Í ljósi framangreindra umsagna og sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu fellst ráðuneytið á samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og 74. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og 4. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að veita Íslandshótelum hf. kt. 630169-2919 umbeðna undanþágu frá ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og undanþágu frá starfsleyfi hvað varðar það ákvæði að óheimilt sé að fara með hunda inn á gististaði í flokki II, III og IV, og heimila að farið verði með hunda inn á fyrstu hæð í turni á Grand hóteli í Reykjavík og dvelja í herbergjum nr. 147, 149, 151 og 153. Undanþága þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Ábyrgðarmaður hunds skal vera 18 ára eða eldri og ber honum að tryggja að ekki sé farið með hunda nema á þau afmörkuðu svæði þar sem þeir eru sérstaklega leyfðir. Hver ábyrgðarmaður getur haft með sér einn hund til dvalar á gististaðnum og að hámarki séu ekki fleiri en tveir hunda í hverju herbergi.
2. Ábyrgðarmaður hunds ber ábyrgð á hreinlæti í tengslum við hundinn og ber að hreinsa upp eftir hann sé þörf á.
3. Ábyrgðarmaður hunds ber ábyrgð á að grípa til aðgerða sé þess þörf til að tryggja öryggi annarra gesta eða hunds.
4. Taka skal fram við bókun að hundur fylgi, þar sem sérstökum herbergjum er úthlutað.
5. Hundar skulu vera í búri inn á herbergi.
6. Hundar skulu ekki valda öðrum gestum ónæði.
7. Við inn- og útritun skal hundurinn bíða bundinn úti eða í bíl.
8. Þrifaáætlun skal vera í samræmi við að hundar dvelji á hluta hótelsins og að það sé tryggt að sérstaklega sé þrifið eftir dvöl hunda þar í hvert sinn.
9. Taka skal fram í markaðssetningu hótelsins og á vefsíðu þess að hundar séu leyfðir í afmörkuðum hluta hótelsins, svo aðrir gestir geti tekið upplýsta ákvörðun áður en þeir panta gistingu á hótelinu.
10. Upplýsa skal aðra gesti hótelsins með sýnilegum hætti um að hundar séu leyfðir á afmörkuðum svæðum á hótelinu.
11. Upplýsa skal gesti með greinilegum hætti allt í fjórar vikur eftir að undanþágan fellur úr gildi um að hundur hafi verið í húsnæðinu og á tilteknu herbergi.
12. Ábyrgðarmaður hunds ber almenna ábyrgð á skaða og/eða eignatjóni sem hundur veldur. Íslandshótel hf. skal þó taka ábyrgð á skaða og/eða eignatjóni sem hundur sem dvelur á gististað kann að valda öðrum gestum á gististaðnum.

Starfsemi Grand hótels í Reykjavík er starfsleyfisskyld og háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og skal rekstraraðili sækja um breytingu á starfsleyfi til nefndarinnar vegna hunda á hótelinu í sumar. Um umferð hunda í og við hótelið fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur fyrirtækja sem starfa á undanþágu.

Undanþága þessi gildir til 1. október 2020 og er bundin því skilyrði að rekstraraðili tryggi öryggis- og hollustuháttareglur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Agnar Bragi Bragason

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Grand hótél, Sigtúni 28, 105 Reykjavík, Salvör Lilja Brandsdóttir